



**MENNTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK**





Verið velkomin í Menntaskólann í Reykjavík

Menntaskólinn í Reykjavík er þriggja ára bekkjaskóli þar sem nemendur velja sér braut eftir áhugasviði. Skólinn á sér langa og merka sögu. Hann veitir nemendum sínum gott veganesti út í lífið og leggur góðan grunn að háskólanámi.

Nám í Menntaskólanum í Reykjavík veitir:

- Yfirgripsmikla og góða almenna menntun
- Traustan undirbúning undir háskólanám
- Öflugt félagslíf
- Nám í sögufrægum skóla í hjarta borgarinnar

Námið

Við innritun í skólann velja nemendur um tvær námsbrautir, málabraut eða náttúrufræðibraut. Auk þess velja nemendur þriðja erlenda tungumálið; frönsku, spænsku eða þýsku.

Málabraut

Á málabraut er áhersla lögð á tungumál og hugvísindi. Stúdentspróf þaðan er góð undirstaða náms, m.a. í sagnfræði, heimspeki, guðfræði, félagsvísindum og lögfræði. Það er góður undirbúningur að frekara tungumálanámi, námi og störfum við fjölmiðlun, þýðingar, ferðaþjónustu, alþjóðaviðskipti og utanríkisþjónustu.

Náttúrufræðibraut

Á náttúrufræðibraut er áhersla lögð á stærðfræði og náttúrufræðigreinar. Stúdentspróf af brautinni er góð undirstaða náms í raungreinum, eins og t.d. í læknisfræði, verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði og hagfræði.

Á öðru námsári skiptist máladeild í tvær formáladeildir og tvær nýmáladeildir og náttúrufræðibraut skiptist í tvær eðlisfræðideildir og tvær náttúrufræðideildir.

Málabraut	Fornáladeild I	Náttúrufræðibraut	Eðlisfræðideild I
	Fornáladeild II		Eðlisfræðideild II
	Nýmáladeild I		Náttúrufræðideild I
	Nýmáladeild II		Náttúrufræðideild II



Félagslífið





Félagslífið

Í skólanum er mjög öflugt félagslíf og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Nemendafélögin eru tvö, Skólafélagið og Framtíðin. Innan skólans finna flestir áhugamálum sínum og hæfileikum farveg, þroskast og bindast vináttuböndum sem haldist geta ævina á enda.



Saga skólans

Saga Menntaskólans í Reykjavík er samofin langri sögu menntamála á Íslandi. Nemendur skólans hafa komið víða við í þjóðlífinu og markað spor sín í sögu þjóðarinnar. Í seinni tíð hafa nemendur skólans vakið verðskuldaða athygli á mörgum sviðum vísinda og fræða. Þá hafa þeir skarað fram úr þegar íslensk ungmenni reyna með sér í ýmsum greinum. Þar má nefna stærðfræði-, eðlisfræði-, efnafræði- og forritunarkeppni framhaldsskólanna. Sömu sögu má segja um keppni í þýsku og frönsku meðal framhaldsskólanema.

Upphaf skólans má rekja til þess er skólahald hófst í Skálholti 1056. Frá Skálholti fluttist skólinn til Reykjavíkur árið 1786 og nefndist þá Hólavallaskóli. Þaðan fluttist hann að Bessastöðum árið 1805 en í núverandi húsnæði kom hann árið 1846. Nefndist hann þá Hinn lærði skóli í Reykjavík eða Latínuskólinn.

Frá 1937 hefur skólinn verið nefndur Menntaskólinn í Reykjavík. Því má segja að saga skólans sé orðin löng og merk og hefur skólinn fósttrað margar af fremstu dætrum og sonum þessa lands.





Aðstaða í skólanum

Nemendur raðast í bekki eftir brautum og hver bekkur hefur sinn umsjónarkennara og sína heimastofu. Nemendur njóta góðs af stuðningi bekkjarfélaga sinna og oft myndast traust vináttubönd.

Skólinn hefur yfir að ráða raungreinahúsi með glæsilegum sérstofum fyrir eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði og tölvufræði.

Bókhlaðan Íþaka er sögufrægt hús. Þar geta nemendur fengið aðstoð við heimildaleit, nýtt lesaðstöðu safnsins og fengið gögn að láni til verkefnavinnu.

Stoðþjónusta skólans er á þriðju hæð í gamla skólahúsinu. Þar starfa tveir náms- og starfsráðgjafar og einn hjúkrunarfræðingur. Hjá þeim geta nemendur sótt ráðgjöf varðandi allt sem snýr að náminu og heilsufarstengdum málum.






**Fylgdu okkur
á Facebook
og Instagram**

Inntökuskilyrði

Við innritun nýnema er litið til einkunna á grunn-skólaprófi í íslensku, ensku og stærðfræði, auk einkunnar í dönsku (eða öðru Norðurlandamáli) hjá þeim sem sækja um á málabraut og einkunnar í náttúrufræði hjá þeim sem sækja um á náttúrufræðibraut.

Traustur undirbúningur fyrir háskólanám



www.mr.is